

Verkmennta- skólinn á Akureyri

Starfsfóstri



Höfundar myndverks: Guðbrandur Magnússon og Guðný Hannesdóttir



Erasmus+
www.erasmusplus.is

Starfsfóstrinn styrkir alla

Sjálfskraust nema á vinnumarkaði var í forgrunni í verkefninu Starfsfóstri sem Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) stýrði og var nýlega valið sem fyrirmyndarverkefni hjá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Verkefnið gekk út á að þróa leiðbeiningarefni fyrir aðila á vinnumarkaði sem taka á móti nemum frá verkmenntaskólum í starfsnám og er það einn hlekkur í keðju verkefna á vegum VMA sem taka á sambandi skóla, nema og vinnustaða.

„Við höldum því fram að ef nema á vinnustað líður vel, ef hann fær upplýsingar og stuðning og finnur sig á staðnum og í starfinu sé líklegra að viðkomandi ljúki vinnustaðanáminu, að það skili árangri og að viðkomandi vilji vera áfram í starfsgreininni,“ segir Jóhannes Árnason verkefnastjóri Starfsfóstra.

Jóhannes segir starfsfóstra vera eins konar stuðningsaðila á vinnustöðum, frekar samstarfsmenn en yfirmenn, sem taki á móti nemum sem oft hafa átt undir högg að sækja í námi. Starfsfóstrarnir leiðbeini nemunum og veiti þeim þann stuðning sem þeir þurfa til að ná árangri.

Samstarfsskólar VMA voru sex talsins og staðsettir í jafn mörgum Evrópulöndum. Þátttakendurnir völdu og þróðu efni til að nota á námskeiðum og vinnustofum fyrir tilvonandi starfsfóstra. Slíkir viðburðir voru haldnir í öllum þátttökulöndunum auk þess sem leiðbeiningabæklingur var þýddur á móðurmál heimalanda allra þátttökuríkjana.

Jóhannes útskýrir að á starfsfóstranámskeiðum verkefnisins hafi m.a. verið rætt við þátttakendur um góð samskipti, markmiðasetningu, samkennd og hvernig best sé að gefa fyrirmæli þannig að þau komist til skila. Hann segir vellíðan nemenda helsta áhersluatriði verkefnisins en að þegar upp er staðið gagnist það öllum þátttakendum.

„Vinnustaðir sem taka vel á móti nýliðum og taka þátt í að mennta fólk á sínu sviði eru einfaldlega betri vinnustaðir með betra andrúmsloft. Svo við höldum því fram að þetta sé ekki einhvers konar ánauð heldur styrki þetta alla þegar vel tekst til, skólann, vinnustaðinn og nemandann.“

Hægt er að finna allt efni tengt Starfsfóstra þ.á.m. bæklinga, spurningalista fyrir vinnustaði og handbók fyrir leiðbeinendur á www.workmentor.vma.is.



Vinnustaðir sem taka vel á móti nýliðum eru einfaldlega betri vinnustaðir